



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Vikuleg samantekt á lyfjaskorti

» Upplýsingarnar gilda um lyfjaskort sem hefur verið tilkynntur Lyfjastofnun


Vika 42, 2025



Lyf í skorti í dag - áhrif á lyfjanotendur

Tilkynnt hefur verið um skort á 295 lyfjapakkingum fyrir menn og dýr

- » **97%** tilvika munu lyfjanotendur fá sambærilega lyfjameðferð. Áhrif skorts eru því óveruleg á lyfjameðferðina.
- » **3** lyfjapakkingar eru í skorti þar sem læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka lyfjameðferð (sjá næstu gæru).
- » **1** lyfjapakking er í skorti þar sem ekkert sambærilegt lyf eða álíka lyfjameðferð er fáanleg. (sjá þar næstu glæru).



- » Upplýsingar og ráðleggingar eru birtar fyrir hvert lyf í skorti í [sérlyfjaskrá](#) og í vefþjónustu fyrir ávísanakerfi lækna.
- » Lyfjastofnun birtir lista yfir allan tilkynntan lyfjaskort á [vefsíðu](#) stofnunarinnar og í [sérlyfjaskrá](#).

Nánar um skort sem leiðir til þess að læknir þarf að breyta lyfjameðferð í aðra álíka meðferð - hvað kemur í staðinn?


Heiti lyfs	ATC-flokkur	Fjöldi daga í fyrirvara tilk.	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Diacomit (Lyfjaver) 250 mg Hart hylki	N03AX17	0	08.10.2025	22.10.2025	Notað ásamt clobazami og valproati sem viðbótarmeðferð gegn erfiðum og víðtækum þankippaflogum hjá sjúklingum með alvarleg vöðvakippaflog í bernsku þegar meðferð með clobazami og valproati nægir ekki til að halda flogunum niðri.	- Um stuttan skort er að ræða og 60 stk í pakkningunni. Líklega einhverjar birgðir í apótekum. - Önnur sambærileg lyf eru fáanleg. - Nýlega hefur gengið erfiðlega að fá lyfið losað frá útflutningslandi og verður magn aukið í pöntunum.
Stilnoct 10 mg filmuhúðuð tafla	N05CGF50	37	05.10.2025	11.11.2025	Meðferð við tímabundnu og skammvinnu svefnleysi hjá fullorðnum. Sem stuðningsmeðferð í takmarkaðan tíma við langvarandi svefnleysi hjá fullorðnum.	- Ýmis önnur sambærileg svefnlyf eru á markaði. - Stór lager er t.d. til í landinu af Imovane
Timosan Depot stakskammtailát 1 mg/g augnhlaup	S01ED01	0	11.7.2025	1.12.2025	Notað til meðferðar á vissum augnsjúkdómum sem valda augnháprýstingi (gláka og augnháprýstingur).	Ekkert annað augnlyf er á markaði sem inniheldur eingöngu timolol, timolol í blöndum er fáanlegt.

Ekkert sambærilegt lyf fáanlegt hverjar eru aðgerðirnar?

Heiti lyfs	ATC-flokkur	Fjöldi daga í fyrirvara tilk.	Upphafsdags. skorts	Áætluð lokadags. skorts	Ábendingar	Ráðleggingar / annað
Bleomycin baxter 15.000 a.e stungulyfs- /innrennslis-stofn,lausn	L01DC01	0	07.10.2025	27.10..2025	Lyfið er gefið ásamt öðrum krabbameinslyfjum eða geislameðferð. Flöguþekjukrabbamein, einkum mjög sérhæfð, í höfði eða hálsi, vélinda, leghálsi, ytri kynfærum og húð. Illkynja eitilfrumuæxli, þar á meðal Hodgkins sjúkdómur. Krabbamein í eistum. Illkynja fleiðruvökvamyndun.	Meðalsala er undir einum pakka á mánuði. Sala umfram áætlun seinnipart september og í byrjun október. Ef LSH telur þörf á að fá lyfið fyrir áætlaðan komutíma verður óskað eftir hraðsendingu.

Fjöldi lyfjaskortstílfella þar sem hugsanlega þarf að breyta lyfjameðferð - 2025

● Ekkert sambærilegt lyf er á markaði / fáanlegt ● Ekki til lyf með sama ATC númer en sambærilegt lyf í sama flokki er á markaði / fáanlegt



**Janúar-september 2025,
meðalfjöldi tilkynninga á
mánuði:**

- 4 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 6 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Samanburður við fyrra ár

**2024, meðalfjöldi tilkynninga á
mánuði:**


- 5 = Ekkert sambærilegt eða álíka lyf fáanlegt
- 8 = Álíka lyfjameðferð fáanleg

Grafið sýnir þann mánuð sem tilkynning barst Lyfjastofnun, óháð því hvenær skortur hefst. Athugið að vegna nýrra vefþjónustu í ágúst er tölfraedin ómarktæk fyrir þann mánuð.

Þörf á aðgerðum af hálfu lækna vegna lyfjaskorts

Staðan í dag


Áhættuflokkur - í ávísunarkerfi lækna



Þróun 2025

Áhættustig í ávísunarkerfi lækna - þróun 2025

Áhættustig ● Hátt ● Lágt ● Miðlungs



Janúar-september 2025:

- 34% alvarleikastig hátt
- Í 64% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Allt árið 2024:


- 35% alvarleikastig hátt
- Í 58% tilvika gat læknir ávísað lyfi í skorti

Litakóðun birtist í ávísanakerfi (Sögu) ásamt ráðleggingum:

- Lágt** Læknir getur ávísað markaðssetta lyfinu þrátt fyrir skort því hægt er að breyta lyfjaávísun í apóteki og lyfjameðferð helst óbreytt. Dæmi: Önnur lyf eru í skiptiskrá, til er önnur pakkningastærð, annar styrkleiki eða útskipti í undanþágulyf eftir heimild Lyfjastofnunar
- Miðlungs** Mat læknis hvort hægt sé að ávísa markaðssetta lyfinu í skorti eða hvort ávísa þurfi öðru lyfi (val á milli lágt eða hátt).
- Hátt** Krefst ávallt aðgerða af hálfu læknis, ekki hægt að leysa málið í apóteki. Læknir þarf til dæmis að ávísa öðru markaðssettu lyfi, öðru lyfjaformi eða undanþágulyfi.

Fyrirvari lyfjaskortstilkynninga fyrir lyfjaskort sem er til staðar í dag

- 36 % tilkynninga barst Lyfjastofnun þegar skortur var hafinn, samanborið við 45% árið 2024
- 13 % tilkynninga bárust með 1-7 daga fyrirvara, samanborið við 15% árið 2024



Fyrirvari er mikilvægur svo nægur tími sé fyrir lyfjafyrirtæki að útvega sambærilegt markaðssett lyf eða undanþágulyf. Þannig er hægt að koma í veg fyrir hugsanleg vandræði lyfjanotenda og aukna vinnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Lágmarksbirgðir – Öll hin Norðurlöndin hafa innleitt löggjöf varðandi skyldur um að halda lyfjalager nauðsynlegra lyfja í landinu og slíkt er nauðsynlegt hérlandis.

Heimild lyfjafræðinga til að breyta ávísun læknis í undanþágulyf

- » Lyfjastofnun getur **heimilað lyfjafræðingum í apótekum að breyta ávísun læknis úr markaðssettu lyfi í undanþágulyf skv. 52. gr. lyfjalaga 100/2020.**
 - › Úrræðið er einungis notað í sérstökum tilvikum að undangengnu öryggismati og þegar ljóst þykir að án aðgerða kæmi upp íþyngjandi staða fyrir lyfjanotendur og heilbrigðisstarfsfólk.

21

- Heimildir í gildi í dag þar sem lyfjafræðingar í apótekum geta breytt lyfjaávísun læknis
 - Það sem af er ári hafa verið veittar heimildir fyrir 58 lyf, að baki þeim er fjöldi lyfjaávísana.
- Frekari upplýsingar í [sérlyfjaskrá](#).